

Titill	Hópastjórnun og leiðsögn
Skammstöfun	FJAL2HL03
Námsgrein	Fjallamennska
Viðfangsefni	hópastjórnun, leiðsögn, mannleg samskipti, leiðtogastílar
Prep	2
Einingafjöldi	3

Lýsing:	Í áfanganum þjálfast nemendur í að undirbúa og skipuleggja óbyggða- og afþreyingarferðir sem hópstjórar. Nemendur kynna hópastjórnun og leiðsögn þar sem áhersla er lögð á leiðtogahæfni hans. Farið er yfir mismunandi leiðtogastíla, mannleg samskipti og ábyrgð leiðsögumanna. Farið verður yfir atriði sem varða almennan undirbúning leiðsögumanna s.s. leiðtogahæfni og hópastjórnun, ferðatilhögun og leiðarval, viðbragðsáætlanir og viðeigandi útbúnað ásamt því að meta hættur og stýra þeim.
----------------	---

Forkröfur:	FJAL1GÖ05, FJAL1SH03 og FJAL2KK05
-------------------	-----------------------------------

Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • grunnþáttum varðandi undirbúning og skipulag fjölbreyttra óbyggða- og afþreyingarferða sem hópstjóri • aðhlyningu í lengri ferðum • helsta öryggisbúnaði og ábyrgð hópstjóra í útivistarferðum • mikilvægi uppbyggilegra samskipta • mikilvægi þess að ganga vel um landið • mismunandi aðstæðum í óbyggðum og fjalllendi og viðbrögðum við þeim • ábyrgð hópstjóra í rötun og leiðarvali í fjalllendi • mikilvæg undirbúning leiðsagnar og hvernig má afla upplýsinga um staðhætti og náttúru
------------------------	---

Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • greina helstu þætti við skipulag og undirbúning fjölbreyttra óbyggða- og afþreyingarferða sem hópstjóri og nota búnað í samræmi við aðstæður • huga vel að sjálfum sér og öðrum í styttri og lengri óbyggðaferðum • meta og nýta sér aðstæður úti í íslenskri náttúru og meta veðurútlit • meta eigin styrkleika og takmarkanir sem hópstjóri • meta áhættu og stýra þeirri hættu • stuðla að uppbyggilegum mannlegum samskiptum • stjórna hópum
---------------------	---

Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
--------------------	--

	<ul style="list-style-type: none"> • skipuleggja og fara fyrir hópi styttri og lengri óbyggða- og afþreyingarferða • geta tekið ákvarðanir miðað við líkamsástand, staðhætti og aðstæður hópsins • velja og nota viðeigandi búnað á hverjum stað • miðla fróðleik um náttúru landsins sem fyrir augu ber á ferðalagi • meta aðstæður í íslenskri náttúru á raunhæfan hátt og velja verkefni við hæfi hópsins • leggja mat á hættur og stýra mögulegum áhættuþáttum • bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi
--	---

Námsmat	Leiðsagnarmat og námsmappa
----------------	----------------------------

Leiðbeiningar	Námsmatið er leiðsagnarmat sem byggir á reglulegum samskiptum nemenda og kennara. Nemandi skráir reynslu sína í tengslum við skipulagningu og hópastjórn í námsmöppu.
----------------------	---